

**Erindisbréf ráðgjafanefndar umhverfis- og framkvæmdaráðs Múlapings  
vegna eldri húsa á og nærri skriðusvæði á Seyðisfirði**

1. gr.

Verkefni ráðgjafanefndar er að gera tillögur um ráðstafanir sem varða eldri hús á skriðusvæði utan Búðarár á Seyðisfirði, eins og nánar greinir í erindisbréfi þessu.

2. gr.

Ráðgjafanefnd er þannig skipuð:

- Tveir fulltrúar úr heimastjórn Seyðisfjarðar, samkvæmt tilnefningu hennar.
- Tveir fulltrúar frá Minjastofnun, samkvæmt nánara samkomulagi.
- Tveir sérfróðir fulltrúar úr hópi Seyðfirðinga, samkvæmt ákvörðun sveitarstjórnar.
- Einn fulltrúi frá ungmennaráði Múlapings, samkvæmt tilnefningu þess.

3. gr.

Auk þeirra sem tilgreindir eru í 2. gr. tekur eftirtalið starfsfólk Múlapings þátt í starfi nefndarinnar og sinnir auk þess verkefnum fyrir hana svo sem nánar greinir hér að neðan:

- Framkvæmda- og umhverfismálastjóri, sem kallar nefndina saman til fundar og stýrir fundum.
- Atvinnu- og menningarstjóri, sem ritar fundargerðir og heldur saman gögnum.
- Skipulagsfulltrúi.

4. gr.

Ráðgjafanefndin skal skila tillögum til umhverfis- og framkvæmdaráðs um einstök hús, utan Búðarár, sem falla í neðangreinda flokka:

- A) Íbúðarhúsnæði sem samþykkt hefur verið að sveitarfélagið kaupi upp með tilstyrk Ofanflóðasjóðs - um brottflutning þeirra og nýja staðsetningu, eða niðurrif.
- B) Gamla ríkið við Hafnargötu - um staðsetningu og fyrirkomulag endurgerðar.
- C) Annað húsnæði á svæðinu sem er í eigu sveitarfélagsins - um þörf fyrir aðgerðir á borð við brottflutning, endurgerð eða niðurrif.
- D) Húsnæði á vegum Tækniminjasafns Austurlands - um húsnæði fyrir safnið, hugsanlega endurbyggingu, niðurrif og mögulegar nýbyggingar á nýjum stað. Unnið verði með stjórn og safnverði Tækniminjasafnsins.
- E) Hús sem eyðilögðust í skriðuföllunum - um hugsanlega endurbyggingu á nýjum stað.

Ráðgjafanefnd skal skila tillögum til umhverfis- og framkvæmdaráðs eftir því sem unnið er í gegnum framangreinda flokka.

Umhverfis- og framkvæmdaráði er einnig heimilt að óska eftir tillögum frá nefndinni vegna annarra húsa á svæðinu eða nærri því, sem ráðið telur ástæðu til að tekin verði afstaða til.

5. gr.

Ráðgjafanefndin er verkefnabundin nefnd, sbr. 5. tl. 3. gr. samþykktar um starfskjör kjörinna fulltrúa hjá Múlapingi og greiðist þóknun fyrir nefndastörf í samræmi við það.

6. gr.

Ráðgjafanefndin skal hafa lokið störfum eigi síðar en 20. júní 2021. Umhverfis- og framkvæmdaráði er þó heimilt að framlengja starfstíma nefndarinnar ef þurfa þykir.

Samþykkt á fundi sveitarstjórnar Múlapings  
10. mars 2021